

Sveitarfélagið Árborg  
Rúnar Guðmundsson  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík, 9. júlí 2024  
UST202405-285/A.B.  
10.04.02

## Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 - Selfosslína 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 29. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 vegna Selfosslínu 1. Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á breytta legu raflínu innan aðalskipulags Árborgar þar sem Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár og í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur.

Auk þess kemur fram að nýr jarðstrengur mun í megindráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3 km.

### Umhverfisþættir og áherslur

Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin hefur áhrif á vatn þá þurfa umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar að snúa að því og lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun að vera sem umhverfisviðmið.<sup>1</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/wfdportal/#>